

GJALDSKRÁ
vegna eftirlits með mannvirkjagerð og framkvæmdum
á vegum Náttúruverndar ríkisins.

1. gr.

Náttúruvernd ríkisins innheimtir gjald af framkvæmdaraðilum vegna kostnaðar stofnunarinnar fyrir sérstakt eftirlit með mannvirkjagerð og öðrum framkvæmdum, sbr. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

2. gr.

Gjaldið skal vera kr. 4.900 án virðisaukaskatts fyrir hverja unna klukkustund sérfræðings. Um gjöld fyrir akstur og dagpeninga fer samkvæmt reglum ferðakostnaðarnefndar á hverjum tíma.

3. gr.

Heimilt er Náttúruvernd ríkisins að gera sérstakan samning við eftirlitsskylda aðila um greiðslu gjalda fyrir eftirlit óski hinn eftirlitsskyldi eftir því og samkomulag næst um upphæð gjaldsins. Þetta getur jafnt átt við um einstök verkefni, sem og árlegt gjald fyrir eftirlit.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er sett skv. 3. mgr. 7. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá nr. 801/2000 með sama heiti.

Umhverfisstjórnuneytinu, 25. maí 2001.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.